



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 7. apríl 2026
25121476/103.03 JVK

Efni: Tillaga bæjarstjóra varðandi gjaldskrár

Tillaga bæjarstjóra:

Gjaldskrárhækkanir sem snúa að barnafjölskyldum í Kópavogi takmarkist við 2,5% verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands á árinu 2026.

Greinagerð:

Eitt mikilvægasta hagsmunamál heimila um þessar mundir er að verðbólga hjaðni og að stýrivextir lækki. Þrátt fyrir vonir þar um eru blikur á lofti í efnahagslífinu. Tólf mánaða verðbólga mældist nýverið 5,4% og er því talsvert yfir 2,5% verðbólgu markmiði Seðlabanka Íslands. Á síðasta vaxtaákvörðunarfundi í mars sl. hækkaði Seðlabankinn stýrivexti og standa meginvextir nú í 7,5%.

Dragist verðbólga ekki saman er sú hætta fyrir hendi að forsendur gildandi kjarasamninga standist ekki. Í því tilviki gæti komið til endurmats á kjarasamningum í september nk., sem myndi auka óvissu á vinnumarkaði.

Í þessu umhverfi er mikilvægt að sveitarfélög leggi sitt af mörkum til að stuðla að stöðugleika á vinnumarkaði og um leið standa vörð um ráðstöfunartekjur heimila, ekki síst barnafjölskyldna. Kópavogsbær hefur þar mikilvægu hlutverki að gegna.

Í ljósi framangreinds er lagt til að hækkanir á gjaldskrárám í leik- og grunnskólum Kópavogsbæjar, þar með talið fristund, verði á árinu 2026 takmarkaðar við 2,5% verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands.

Jafnframt er lagt til að sá hluti þeirra gjaldskrárhækkana sem tóku gildi 1. apríl sl. og voru umfram 2,5%, verði felldur niður. Breyttar gjaldskrár taka gildi 1. maí nk.

Áhrif þessarar ákvörðunar á tekjur bæjarins eru óveruleg þegar horft er til gildandi fjárhagsáætlunar. Ávinningurinn getur hins vegar verið umtalsverður ef með aðgerðum sem þessum tekst að stuðla að stöðugleika á vinnumarkaði, hjaðnandi verðbólgu og lækkandi vaxtastigi, til hagsbóta fyrir íbúa og samfélagið í heild.

Virðingarfyllst,

Ásdís Kristjánsdóttir
bæjarstjóri



Κόπavo

